

Ed.

361. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Frá meiri hl. varnarsamningsnefndar

Þetta frv., sem þegar hefur verið samþykkt af neðri deild Alþingis, er samhljóða bráðabirgðalögum nr. 65 24. maí 1951, eins og segir í greinargerð þess. Ísland er sem kunnugt er aðili að því varnarbandalagi, sem nefnt er í varnarsamningnum Norður-Atlantshafsbandalagið, og hefur þegar með þátttöku sinni í því bandalagi tekið á sig ákveðnar skuldbindingar, en um leið lýst yfir því, að vér hefðum eigi herafla sjálfir til að verja land vort.

Sá varnarsamningur, sem hér ræðir um og gerður hefur verið milli Íslands og Bandaríkjanna f. h. Norður-Atlantshafsbandalagsins, er eðlileg afleiðing af því, sem fram var tekið í upphafi, þegar Ísland gekk í áður nefnt varnarbandalag. Minni hluti nefndarinnar, 7. landsk. (FRV), hreyfði nokkrum breytingum, sem meiri hlutinn taldi a. m. k. sumar hverjar enga þýðingu hafa. Minni hlutinn vildi þó ekki skuldbinda sig til að fylgja frv., jafnvel þótt fallizt yrði á breytingartillögur hans, og klauf því nefndina.

Meiri hluti nefndarinnar litur svo á, að eins og nú er ástatt með öryggið í heims-málunum væri óafsakanlegt að hafa landið án allra varna, og álitur þess vegna, að staðfesta beri þann varnarsamning, sem hér ræðir um, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1951.

Bernharð Stefánsson,
form.

Jóhann Þ. Jósefsson,
fundaskr., frsm.
H. Guðmundsson.

Karl Kristjánsson.